



Fréttatilkynning

01 March 2024 07:00:00 GMT

Markaðsdagur Arion banka – fjárfestakynning

Í dag, 1. mars, mun Arion banki halda markaðsdag bankans 2024 í höfuðstöðvum sínum Borgartúni 19 frá kl. 9:00 til 12:30. Fundurinn fer fram á ensku og verður streymt beint. Á milli 8:30 og 9:00 verður boðið upp á léttu morgunhressingu.

Viðburðinum verður stýrt af Benedikt Gíslasyni bankastjóra ásamt hluta af stjórnendateymi Arion banka samstæðunnar.

Frekari upplýsingar um viðburðinn og skráning fer fram [hér](#)

Fjárfestakynningin (pdf) er aðgengileg [hér](#)

Kynningin inniheldur meðal annars:

- Umfjöllun um stefnu, helstu verkefni og starfsumhverfi bankans
- Áherslur í fjármögnun og eiginfjárskipan bankans
- Umfjöllun um stefnumótun hvað varðar lánshæfismat Arion banka og ákjósanlegan fjölda matsfyrirtækja fram á veginn. Niðurstöðu þeirrar vinnu er að vænta á næstunni og verður hún tilkynnt sérstaklega.
- Framvindu þróunarverkefna í eigu Landeyjar
- Fjárhagslegar horfur og uppfærð fjárhagsleg markmið

Fjárhagsleg markmið

	Markmið	Breyting
Arðsemi eigin fjár	Umfram 13%	Óbreytt
Kjarnatekjur / áhættugrunnur	Umfram 7,2%	Breytt úr 6,7%
Hlutfall kostnaðar af kjarnatekjum	Minna en 45%	Breytt úr 48%
Hlutfall almenns eiginfjárþáttar 1 umfram kröfur eftirlitsaðila	Stjórnendaauki sem nemur 1,5-2,5 prósentustigum	Óbreytt



Vöxtur tryggingatekna	Vöxtur verði 3 prósentustigum umfram vöxt innlends tryggingamarkaðar	Óbreytt markmið en orðalagi breytt í samræmi við IFRS 17
Samsett hlutfall Varðar	Minna en 95%	Nýtt markmið
Arðgreiðslustefna*	50%	Óbreytt

*Arðgreiðsluhlutfall í kringum 50% af hagnaði til hluthafa annað hvort með arðgreiðslum eða endurkaupum á hlutabréfum bankans eða hvorutveggja. Viðbótarútgreiðslur verða skoðaðar þegar eigið fé bankans er umfram kröfur eftirlitsaðila að viðbættum stjórnendaauka bankans.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2024-03-01 07:00 GMT.

Viðhengi

[Markaðsdagur Arion banka – fjárfestakynning](#)